

Fundargerð

1. verkefnisfundur í verkefninu SkógVatn

10. maí 2007. Fundur settur 9:05

Mættir voru: Bjarni Diðrik Sigurðsson, Jón S. Ólafsson, Guðmundur Halldórsson, Hreinn Óskarsson, Helena Marta Stefánsdóttir, Berglind Orradóttir, Edda S. Oddsdóttir, Sigurður Guðjónsson. Forföll boðuðu: Gísli Már Gíslason, Brynhildur Bjarnadóttir

Fundarstjóri: Bjarni Diðrik

Ritari: Helena Marta

Dagskrá fundarins:

1. Farið yfir umsókn UOOR
2. Tillögur að stjórnskipulag verkefnis – samstarfssamningur
3. styrkir / fjármál 2007
4. Ráðning MS nema
5. Rannsóknarsvæði – hvað er fullkomið – hvað er ásættanlegt?
6. Pöntun mælitækja
7. Næstu skref / fundir / hver gerir hvað?
8. Önnur mál

Farið yfir umsókn UOOR og verkefnisáætlun:

Styrkir / fjármál 2007

SkógVatn hefur til ráðstöfunar 7 milljónir á ári (6 milljónir frá UOOR + 0,5 frá CAR-ES og 0,5 frá Hekluskógum (með fyrirvara um samþykki í stjórn). Fjárhagsáætlun lítur ágætlega út fyrir 2007 miðað við þessa styrki – en fyrir séð að árin 2008 og 2009 verða erfið, sérstaklega hvað varðar laun til MS-nema. Einungis til sem svarar um 145.000 kr per nemanda á mánuði.

Ákveðið að biðja Hekluskóga um viðbótarframlag til að geta staðið straum af 60-70% launum til MS nema yfir allan verkefnatímamann. Guðmundur Halldórsson og Hreinn Óskarsson ætla að taka það fyrir í stjórn Hekluskóga að hækka framlag þeirra til SkógVatns upp í a.m.k. 1 milljón á ári.

Tillögur að stjórnskipulag verkefnis – samstarfssamningur

Bjarni Diðrik kynnti drög að samstarfssamningi fyrir SkógVatn. Stjórnskipulag verkefnis var talsvert rætt og síðan gerð eftirfarandi tillaga:

- *Hver stofnun beðin að skipa einn fulltrúa og einn varamann sem sitja í samráðsnefnd (6 sitja í samráðsnefnd) + verkefnisstjóri sem er oddamaður.*
- *Samráðsnefnd skipti síðan með sér verkum; t.d. möguleiki að mynduð verði 3 manna stjórn til að taka ákvarðanir um daglegan rekstur verkefnis.*
- *Bjóða Orkuveitunni að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar.*

Fagleg ábyrgð í verkefninu var aðeins einnig rædd; Tillaga um að yfir hverju undirverkefni (verkþætti) sé ávallt ein manneskja innan hópsins með meginábyrgð. Slíkum hlutverkum skipt niður á komandi fundum.

Fólki er frjálst að taka með sér aðila á fundi sem gætu haft faglegt input og gætu hjálpað til við rannsóknina eða varpað ljósi á niðurstöðurnar.

Að öðru leiti er hér vísað í sjálf drögin að samstarfssamningnum sem er sendur öllum þátttakendum til athugasemda og formlegrar afreiðslu á næsta fundi.

Rætt að fá forstjóra til að skrifa formlega undir samstarfssamninginn til að vekja athygli á samstarfsverkefningu SkógVatn.

Ráðning MS nema

Ákveðið var að auglýsa eftir hinum mastersnemanum sem fyrst í Mbl. – auglýsing sameiginleg frá stofnununum sem standa að SkógVatn. Jón og Sigurður ætla að gera auglýsingu í samráði við aðra innan verkefnis. Sigurður, Jón eða Gísli aðalleiðbeinandi. Laun á nema á Veidimálastofnun – eða hugsanlega við HÍ. Best að báðir mastersnemar hafi aðsetur á sama stað. Líklega á Keldnaholti.

Á eftir fund var ákveðið að auglýst yrði eftir tveimur MS nemum, þrátt fyrir að Helena Marta sé þegar komin inn í hópinn – en alltaf er betra að auglýsa launaða vinnu við ríkisstofnanir, þrátt fyrir að um sé að ræða verkefnaráðningu til takmarkaðs tíma.

Betra að skipta þverfaglega milli meistaranema, að hvor sjái um ákveðna þætti á báðum svæðum. Ákvarðanir um skiptingu og skilgreiningu MS verkefna innan SkógVatns bíður þar til svæðaval hefur farið fram og nánari útfærsla á rannsóknáætlun.

Rannsóknarsvæði – hvað er fullkomið – hvað er ásættanlegt?

Helena fer og tekur út svæðin í Skorradal sem koma til greina nú í maí. Tekur myndir og finnur kosti og galla svæðanna með hjálp heimamanna.

Landgræðsla og Skógrækt ríkisins vinna forkönnun á hugsanlegum vatnasviðum á Hekluskógasvæðinu.

Svæðaval:

- Birkiskógur vs. ógróið.
- Hafa lítil vatnasvið, jafnvel 1-4 hektarar = hliðarlækir (sprænur). 10-200 sekúndulíttra. Öklavatn og 1 metir á breidd.
- Þetta er aðalspurning um möguleika á samanburðarhæfum endurtekningum. Helst 4 af hvorri gerð sem eru samanburðarhæf.
- Lágmark 50% þekju birkiskóga á VATNASVIÐI + gróið land. Annarsvegar 80-90% þekja birkis á vatnasviði og hinsvegar 80-90% þekja ógróins lands á vatnasviði væri best. Þurfum að hafa öfganna.
- Botngerðin er sambærileg. Þarf að finna sambærileg svæði með mismunandi gróðurfari.
-

- Svæðin þurfa að vera öll svipaðri hæð yfir sjó. Viljum ekki fara mikið hærra en 250 m yfir sjó.
- Aðgengi að vetrarlagi þarf að vera gott.
- Þarf að hafa halla sem kemur inn í vatnasviðið og grjót þarf að vera til staðar vegna smádyrana.
- Þurfum helst að hafa fiskseiði í báðum svæðum. Það þarf að vera fiskgegt fyrir seiði.
- Sem einsleitast gróðurfar um 50 m frá bökkum + á öllu vatnasviði.

Ef lækir eru vatnsmiklir miðað við lengd vatnasviðs er möguleiki á að mæla lindarvatn við uppsprettu og líka þegar það kemur út úr vatnasviðinu - þá er mismunurinn það sem kemur inn í vatnakerfið.

Pöntun mælitækja

Veljum svæðin fyrst og svo verða tæki pöntuð og verkefnunum skipt niður.

Bjarni Diðrik og Jón S. Ólafsson voru með umsókn í Tækjakaupasjóð Rannís fyrir tækjum til efnagreininga á uppleystu kolefni (TOC); eftir að fundi var slitið komu fréttir að þeir hefðu fengið styrkinn; þetta er mikilvægt fyrir verkefnið.

Næstu skref / fundir / hver gerir hvað?

31 maí. Næsti fundur sem áætlaður er er sameiginleg ferð á Hekluskölgasvæðið til að velja úr svæðum sem Lr og Sr hafa forvalið. Leigð verður 14 manna bíll í ferðina.

Önnur mál

- Ráðstefna. 11-14 september í Abisko í N-Svíþjóð (birkiskóginum norðan barrskógabeltisins). Þemað passar SkógVatni algjörlega. Bjarni Diðrik búinn að senda abstrakt – sá sem hefur frá mestu að segja í haust fer á ráðstefnuna.
- Framleiðnisjóður verður ekki með til að byrja með. En við gætum sótt um í hann fyrir næsta ár.
- Það er að fara af stað nýtt COST Evrópuverkefni um rannsóknir svipaðar SkógVatni. Edda talar við Aðalstein upp á að Ísland verði þátttakandi í þessu verkefni. Edda tekur að sér að verða annar fulltrúi og Jón S. Ólafsson gaf síðan kost á sér. Berlind varamaður?
- Bjarni Diðrik beðinn um að sjá til að SkógVatn fái sína eigin heimasíðu sem hýst verði hjá LbhÍ. Kynning á verkefni, þátttakendum og þar væri hægt að hafa t.d. krækjur á greinar sem meistaranemarnir finna. Samþykkt.

Fundi slitið 12:10